

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til ákvörðunar ráðsins 2001/48/EB frá 22. desember 2000 um samþykkt áætlunar til margra ára um að hvetja til þess að í Evrópu verði þróað stafrænt efni til nota í hnattrænum netkerfum og stuðlað að tungumálalegri fjölbreytni í upplýsingasamfélaginu⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist með gildistöku frá 1. janúar 2001.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 14, 18.1.2001, bls. 32.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. í bókun 31 við samninginn:

„- **32001 D 0048:** Ákvörðun ráðsins 2001/48/EB frá 22. desember 2000 um samþykkt áætlunar til margra ára um að hvetja til þess að í Evrópu verði þróað stafrænt efni til nota í hnattrænum netkerfum og stuðlað að tungumálalegri fjölbreytni í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 14, 18.1.2001, bls. 32).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2001.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann